

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur.

1. Hver var fjöldi aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi, Suðurnesjum og Akranesi, á St. Jósefsspítala og Landspítala á árunum 2007, 2008, 2009 og fyrri hluta 2010 í:
 - a. kvenlækningum,
 - b. bæklunarlækningum,
 - c. almennum skurðlækningum,
 - d. háls-, nef- og eyrnalækningum,
 - e. lýtalækningum?

Ráðuneytið leitaði svara hjá viðkomandi stofnunum um fjölda þeirra aðgerða sem fyrirspurnin beinist að. Svör stofnananna koma fram í meðfylgjandi töflum. Ef svörum stofnana fylgdu skýringar birtast þær efnislega undir viðeigandi töflu.

LSH - Fjöldi aðgerða

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	2.892	3.045	2.776	1.407
Bæklunarlækningar	2.404	2.530	2.610	1.314
Almennar skurðlækningar	2.216	2.177	2.277	1.184
Háls- nef og eyrnalækningar	1.341	1.375	1.219	577
Lýtalækningar	350	331	310	178
Samtals	9.203	9.458	9.192	4.660

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	608	596	979	694
Bæklunarlækningar	365	298	337	178
Almennar skurðlækningar	1.151	1.115	957	475
Háls- nef og eyrnalækningar	361	358	388	207
Lýtalækningar	196	198	160	97
Samtals	2.681	2.565	2.821	1.651

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	249	278	296	170
Bæklunarlækningar		18	6	0
Almennar skurðlækningar	234	261	170	58
Háls- nef og eyrnalækningar	365	370	347	182
Lýtalækningar			3	12
Samtals	848	927	822	422

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Sérgrein	2007*	2008*	2009*	6 mán. 2010
Kvenlækningar	308	314	293	
Bæklunarlækningar	0	0	0	
Almennar skurðlækningar	339	339	342	
Háls- nef og eyrnalækningar	210	311	131	
Lýtalækningar	80	104	88	
Samtals	937	1.068	854	

* Fjöldi aðgerða er í raun meiri en fram kemur í töflunni þar sem í upplýsingakerfi stofnunarinnar er miðað við fjölda sjúklinga sem fara í aðgerð en hluti þeirra fór í fleiri en eina aðgerð.

St. Jósefsspítali - Sólvangur

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	1.211	1.298	1.109	656
Bæklunarlækningar	539	555	342	0
Almennar skurðlækningar	227	190	198	84
Háls- nef og eyrnalækningar	410	427	225	0
Lýtalækningar	253	259	170	85
Samtals	2.640	2.729	2.044	825

Samantekt allir

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	5.268	5.531	5.453	2.927
Bæklunarlækningar	3.308	3.401	3.295	1.492
Almennar skurðlækningar	4.167	4.082	3.944	1.801
Háls- nef og eyrnalækningar	2.687	2.841	2.310	966
Lýtalækningar	879	892	731	372
Samtals	16.309	16.747	15.733	7.558

2. *Hversu mörg rúm eru á hverri framangreindra heilbrigðisstofnana og hvernig voru þau nýtt á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið leitaði svara hjá þeim stofnunum sem fyrirspurnin beinist að um fjölda rúma sem þær hafa til ráðstöfunar. Svör stofnana koma fram í eftirfarandi töflum. Skýringar og athugasemdir hvernar stofnunar, ef einhverjar eru, koma fram fyrir neðan töflu um viðkomandi stofnun.

Landspítali	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	794	749	682	634
Nýting % *	85%	85%	87%	89%

*Tekið er tillit til fækkunar rúma tímabundið á sumrin og á stórhátíðum og þeirra rúma sem ekki eru aðgengileg um helgar á fimm daga deildum. Fækkar töldum rýmum vegna þessa um 5%.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	60	60	60	52
Nýting %	77%	76%	69%	74%

Heilbrigðisstofnun Suðurlands	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	55	71	71	71
Nýting %	96%	81%	86%	83%

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	23	23	23	21**
Nýting %	78%	81%	71%	0***

** Rúmum fækkar í 21 í samræmi við fjárveitingar HBR.

*** Tölur fyrir 2010 liggja ekki fyrir vegna vandamála tengdra uppsetningu nýs legudagakerfis. Tölur frá áramótum til 1. maí 2010 eru ónothæfar vegna breyttra og ósamanburðarhæfra aðstæðna.

Um fjórðungur rúma er nýttur fyrir skurðsjúklinga frá Landspítalanum.

St. Jósefsspítali - Sólvangur	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	21	21	21	21
Nýting %	73%	68%	53%	47%

Við útreikning nýtingar var tekið tillit til þess að handlækninga- og skurðeild spítalans var fimm daga deild á árunum 2007 og 2008. Einnig var tekið tillit til lokana á stórhátíðum. Framan af viku eru almennt um tíu sjúkjarúm í notkun. Nýtingin eykst síðan eftir því sem líður á vikuna og á föstudagsmorgni eru flest rúm nýtt. Stjórnast þetta af aðgerðadagskrá skurðstofu.